

Mál nr. 172/2006

**M1 og M2
og**

Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar ökumanns og eiganda.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda vegna banaslyss.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 7.9.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.9.2006, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni laugardagsins 4. mars 2006 var bifreið ekið á húsvegg á Akureyri. A, eigandi bifreiðarinnar, var þá farþegi í henni og mun hafa setið í hægri framseti. Hann lést í slysinu. Bifreiðinni var ekið af B, félagi og frænda A. Áfengismagn í blóði B mældist 1,95 prómill og í blóði A mældist áfengismagn 1,28 prómill og í þvagi 1,55 prómill.

B kvað A hafa komið heim til sín um kl. 22.00-22.30 föstudagskvöldið 3. mars. Um miðnætti hafi þeir farið akandi á bifreið A í veitingahúsið Sjallan. Þeir höfðu þá ekki verið búnir að neyta áfengis, en nokkru eftir að þeir komu í Sjallan hafi þeir byrjað að neyta áfengis. B kvaðst ekki muna hversu mikið hann drakk, en taldi að það hafi verið tveir til þrír bjórar og e.t.v. eitthvað af sterku áfengi. Taldi hann að A hafi drukkið svipað magn áfengis. Þeir hafi verið saman mest allt kvöldið þótt þeir hafi verið að hitta þar ýmsa aðra. Hann kvaðst ekki muna hvenær þeir yfirgáfu veitingahúsið og man heldur ekki eftir ferðum þeirra áður en slysið varð.

Málkotsaðilar, foreldrar A, hafa krafist bóta vegna andláts A úr slysátryggingu ökumanns og farþega sem keypt hafði verið hjá X. Til stuðnings kröfunni er vísað til Hrd. 2001 bls. 3451 (mál nr. 129/2001). Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 9. gr. sameiginlegra skilmála sem um vátrygginguna gilda losnar félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta, ef vátryggingaratburður verður rakinn til stórkostlegs gáleysis vátryggðs nema hann hafi ekki vegna aldurs eða andlegs ástands gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Áfengismagn í blóði B mældist 1,95 prómill. A gat ekki dulist að B var undir miklum áfengisáhrifum og gjörsamlega óhæfur til að aka bifreið, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það verður virt A til stórkostlegs gáleysis að hafa falið B akstur bifreiðarinnar og þegið far með honum í hinni örlagaríku ferð. Vegna þessarar háttsemi A hefur réttur foreldra hans til bóta úr slysátryggingu ökumanns og farþega fallið niður að öllu leyti. Af þeim sökum eiga þau ekki rétt til bóta úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Málkotsaðilar eiga ekki rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns og farþega hjá X.

Reykjavík, 20. október 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.